

AUGLÝSING

um deiliskipulagsáætlanir í Reykjavík.

Skólavörðuholt, breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997 með síðari breytingum, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 13. nóvember 2001, breytingu á deiliskipulagi Skólavörðuholts.

Breytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Efstaland 26 (Grímsbær) og nágrenni, breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997 með síðari breytingum, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 25. febrúar 2002, breytingu á deiliskipulagi varðandi Efstaland 26 og nágrenni.

Breytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi hvað varðar lóðina nr. 26 við Efstaland og breytingar tengdar henni. Gildistöku breytingar varðandi leikskólalóð neðan við hana er frestað þar til aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024 hefur verið staðfest. Verður auglýsing um gildistöku þess hluta breytingarinnar birt sérstaklega.

Foldahverfi, Hverafold 142, breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997 með síðari breytingum og 4. gr. samþykktar fyrir skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkurborgar, samþykkti skipulags- og byggingarnefnd, þann 13. mars 2002, breytingu á deiliskipulagi Foldahverfis varðandi lóðina nr. 142 við Hverafold.

Breytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hraunbær (Hraunbær, Bæjarháls, Bæjarbraut), breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997 með síðari breytingum, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 19. febrúar 2002, breytingu á deiliskipulagi við Hraunbæ, varðandi lóð C.

Breytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Jafnframt er afturkallaður hluti auglýsingar nr. 869/2001, um gildistöku sömu breytingar, þar sem breytingin var auglýst og samþykkt að nýju.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Grafarholt, svæði 1, Þorláksgeisli 6-12, breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997 með síðari breytingum, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 22. janúar 2002, breytingu á deiliskipulagi Grafarholts, svæðis 1, varðandi lóðirnar nr. 6-12 við Þorláksgeisla.

Breytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Álfheimar 74 (Glæsibær), breyting á deiliskipulagi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997 með síðari breytingum, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 16. apríl 2002, breytingu á deiliskipulagi Álfheima 74 (Glæsibæjar).

Þar sem tillagan var hvorki grenndarkynnt né auglýst til kynningar telur Skipulagsstofnun að tillagan hafi ekki hlotið formlega rétta meðferð skv. ákvæðum skipulags- og byggingarlaga. Reykjavíkurborg fellst ekki á athugasemd Skipulagsstofnunar, þar sem breytingin er óveruleg og varðar einungis hagsmuni lóðarhafa, og telur breytinguna hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 15. maí 2002.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

Helga Bragadóttir.